

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagsupphætti af þéttbýlinu við Lagarfljótsbrú í Fellahreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964, hefur ráðherra þann 5. febrúar 1982 staðfest upphætti af þéttbýlinu við Lagarfljótsbrú í Fellahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Fellahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 46.

28. janúar 1982.

AUGLÝSING**um umferð í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968, eru settar eftirgreindar reglur um umferð í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu:

Einstefnuakstur skal vera um Heiðargerði frá suðri til norðurs á milli Hafnargötu og Tjarnargötu.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórnin í Gullbringusýslu, 28. janúar 1982.

Ingi H. Sigurðsson.

e. u.

Nr. 47.

5. febrúar 1982.

REGLUGERÐ**um sektargerðir lögreglustjóra.**

1. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að afgreiða með sektargerð kærur, er þeim berast, um brot á umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt. Nú hefur slikt brot upptöku eignar í för með sér og má þá lögreglustjóri með sama hætti ákveða eignaupptöku.

Sektarheimild samkvæmt 1. mgr. er bundin því skilyrði að lögreglustjóri telji að sekt við brotinu eða verðmæti þess, sem gera skal upptækt, fari eigi fram úr því hámarki, sem ákveðið er í 2. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Nú er brot þess eðlis, að vænta má, að það geti varðað varðhaldi eða fangelsi eða ökuleyfissviptingu ásamt sekt og má þá ekki afgreiða mál með sektargerð.

2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt 1. gr. nær til. Í skránni skulu vera leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota.

3. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra fyrir brot þau, er um ræðir í 2. gr. og má hann þá, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefa sökunaut kost á því að ljúka málinu innan tveggja vikna með greiðslu hæfilegrar sektar.

4. gr.

Þegar lögreglustjóri hefur ákveðið að beita sektargerðarheimild, sendir hann sökunaut bréflega tilkynningu um þá ákvörðun. Í tilkynningunni skal fram tekið í stultu máli, fyrir hvaða brot sökunautur er kærður. Skal þar m.a. koma fram, eftir því sem við á, hvar og hvenær brot var framið. Einnig skal þess getið, hvaða refsí-
ákvæði brot varðar við.

Greint skal frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka máli með greiðslu tiltekinnar sektar til lögreglustjóra innan tveggja vikna. Taka skal ennfremur fram, hvert sekt renni.

5. gr.

Samþykki sökunautur sektarboð lögreglustjóra, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningarbréf það, sem um ræðir í 4. gr. og kemur því síðan til skila, ásamt sektargreiðslu, í skrifstofu lögreglustjóra.

Nú synjar sökunautur sektarboði lögreglustjóra eða greiðir eigi sekt innan tilskilins frests og vísar lögreglustjóri þá máli til ríkissaksóknara eða dómara, eftir því sem við á, með venjulegum hætti.

6. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir þá, sem sektaðir eru samkvæmt framangreindum reglum. Skal þar skráð afgreiðsla hvers einstaks máls.

7. gr.

Bréf þau, sem lögreglustjóri sendir sökunautum, sbr. 4. gr., skulu gerð í frumriti og tveimur afritum. Skulu bréfin tölusett í framhaldandi röð með númerum og ártali. Frumrit skal sent sökunaut, en afrit geymd í rétttri töluröð í bréfabindi. Á bæði afritin skal skráð dagsetning sektargreiðslu, hvort og hvenær mál er sent ríkissaksóknara eða dómara eða aðrar málalyktir. Nú er kæra sent ríkissaksóknara eða dómara samkvæmt 2. mgr. 5. gr. og skal þá annað afrit sektarboðs lögreglustjóra fylgja með. Ella skal annað afritið sent ríkissaksóknara, eftir reglum, er hann ákveður. Frumrit sektargerðar, sem samþykkt er, skal varðveitt sem fylgiskjal með sjóðbók.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sektargerðir lögreglustjóra, nr. 272 18. nóvember 1966, sbr. reglugerð nr. 203 21. júlí 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. febrúar 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.
B 12

Endurprentað blað.